

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Garðabær 1. september 2021
HP, PS K-16266

Kópavogur, breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þann 30. ágúst 2021 var lagt fram bréf frá skipulaginu í Kópavogi dags. 19.08.2021, þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd veiti umsögn um umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til að breikka Suðurlandsveg frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Áformuð vegaframkvæmd er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og er því leyfisskyld framkvæmd hjá heilbrigðisnefnd auk þess sem Kópavogsbær þarf að gefa út framkvæmdaleyfi.

Eftir farandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn.


Skýring.

Boðuð framkvæmd er í samræmi við Svæðaskipulag Höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2015. Framkvæmdin hefur farið í umhverfismat. Sá hluti Suðurlandsveggar sem er í landi Reykjavíkurborgar, þ.e. frá Hólmsá að Hádegismóum er í matsferli.

Þar sem áformuð framkvæmd er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins mun heilbrigðisnefnd mun veita Vegagerðinni starfsleyfi vegna þessa áfanga og síðan í framhaldinu næsta áfanga sem er frá Geirlandi að Hólsmá.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar.


Páll Stefánsson
deildarstjóri

